

Miðvikudaginn 8. maí 1957.

Nr. 151/1956. **Dvergur h/f** (Benedikt Sigurjónsson hrl.)  
gegn

**Johan Andreas Hentye f. h. eigenda v/s  
Lynæs, O.Y.T.V., og gagnsök.**  
(Sveinbjörn Jónsson hrl.).

**Dómenndur:**

hæstaréttardómaramir Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr og Lárus Jóhannesson hæstaréttarlögmaður.

Útgerð skips dæmd til greiðslu skaðabóta  
vegna spjalla á farmi.

**Dómur Hæstaréttar.**

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. nóvember 1956 og krefst þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 35.465.00 með 6% ársvöxtum frá 26. maí 1954 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins. Hann krefst sjóveðréttar í v/s Lynæs, O.Y.T.V., frá Danmörku til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 11. marz 1957 að fengnu áfrýjunarleyfi 7. s. m. Hann krefst þess aðallega, að honum verði dæmd sýkna og aðaláfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins, en til vara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og aðaláfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt farmsamningi, dags. 24. apríl 1954, tókst útgerð skipsins Lynæs, O.Y.T.V., á hendur að flytja timbur það, sem í málinu greinir, frá Kotka í Finnlandi til tiltekinnna hafna hér á landi. Í farmsamningnum segir, að ferming skuli fara fram samkvæmt sérstökum fyrirmælum farmsamningshafa. Skipstjórinn á v/s Lynæs hefur viðurkennt, að hann hafi fengið í hendur fyrirmæli farmsamningshafa um búlkun farmsins sama dag, sem ferming hófst. Var aðal-

áfrýjandi þar talinn eigandi nokkurs hluta farmsins, og sagði í fyrirmælunum, að meiri hluti af timbri hans skyldi búlkaður í lest. Skipstjórinn átti sem forsjarmaður farmsins, eftir að hann var í skip kominn, að láta fara eftir þessum fyrirmælum, sem í engu brutu gegn rétti útgerðar skipsins eftir farmsamningi, enda er eigi í ljós leitt, að vörusendandi eða viðtakandi farmskírteinis hafi haft heimild til að þiggja skipstjóra undan nefndum skyldum. Allt timbur aðaláfrýjanda var andstætt fyrirmælunum sett á þilfar, og spilltist sá hluti þess, sem í lest átti að fara, af ágjöf. Hefur farmsamningshafi framselt aðaláfrýjanda bótarétt á hendur gagnáfrýjanda af þeim sökum.

Gagnáfrýjandi ber ábyrgð á háttsemi skipstjóra og þeirra manna, er störfuðu í þjónustu skipsins að búlkun farmsins, og er því rétt, að gagnáfrýjandi bæti aðaláfrýjanda, sem öðlazzt hefur rétt farmsamningshafa að þessu leyti, tjón það, sem hann hefur beðið vegna þess, að fyrirmælunum var eigi hlýtt, en það tjón nemur samkvæmt mati dómkvaddra manna, sem eigi er véfengt, kr. 35.465.00. Ber því að dæma aðaláfrýjanda fjárhæð þessa ásamt 6% ársvöxtum frá 26. maí 1954 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 8000.00. Loks ber að dæma aðaláfrýjanda samkvæmt 4. tl. 236. gr. laga nr. 56/1914 sjóveðrétt í v/s Lynæs, O.Y.T.V., til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

#### Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Johan Andreas Hentye f. h. eigenda v/s Lynæs, O.Y.T.V., greiði aðaláfrýjanda, H/f Dvergi, kr. 35.465.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 26. maí 1954 til greiðsludags og kr. 8000.00, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, og á aðaláfrýjandi sjóveðrétt í v/s Lynæs, O.Y.T.V., til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 16. október 1956.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms 26. f. m. hefur Jónas Sveinsson framkvæmdastjóri f. h. h/f Dvergs, Hafnarfirði, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefni 4. febrúar 1955, gegn Johan A. Hentye skipstjóra f. h. eigenda v/s Lynæs til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 35.465.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 26. maí 1954 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati dómsins. Þá hefur stefnandi krafizt viðurkenningar á sjóveðrétti í v/s Lynæs til tryggingar dæmdum bótum.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar að mati dómsins.

Vátryggjendum v/s Lynæs, Assuranceforeningen Skuld, Kaupmannahöfn, hefur verið stefnt til réttargæzlu í málinu. Á hendur réttargæzlustefnda eru engar kröfur gerðar, og hann hefur engar kröfur gert.

Málsatvik eru þessi:

Hinn 12. maí 1954 kom v/s Lynæs, eign stefnda, til Kotka í Finnlandi til þess að taka timburfarm til Íslands, en með farmsamningi, dags. 24. apríl 1954, hafði Páll Þorgeirsson stórkaupmaður hér í bæ tekið skipið á leigu til flutnings á 210 standörðum af timbri, er afferma skyldi á fjórum tilgreindum höfnum hér á landi, og var stefnandi einn af farmeigendum. Fermingu skipsins í Kotka var þannig hagað, að timbrið var flutt að skipshlið í prömmum og ýmist komið fyrir í lestum skipsins eða búlkað á þilfar. Hinn 15. maí var fermingu lokið, og kl. 14.30 hélt skipið af stað áleiðis til Íslands með 190.878 standarda af timbri innanborðs, þar af 52.840 standarda á þilfari. Á leiðinni hreppti skipið norðanvind, og samkvæmt leiðarþók þess mældist vindhraðinn 5 stig, er það var statt milli Linder-ness og Shetlandseyja. Tók skipið þá á sig sjói, svo að timbur það, sem á þilfari var, blotnaði, einkum það, sem stjórnborðsmegin var, svo og það, sem efst var og yzt, en engar yfirbreiðslur voru á þilfarsfarminum. Af farmi þeim, sem í skipinu var, átti stefnandi 34 standarda, og var sá hluti farmsins allur á þilfari. Var hann affermdur í Hafnarfirði 26. maí. Kom þá í ljós, að nokkur hluti hans var skemmdur af sjó. Var af því tilefni haldið sjópróf í sjódómi Reykjavíkur að tilhlutan stefnanda. Við sjóprófið var lagt fram afrit af bréfi, er Páll Þorgeirsson hafði sent Thomés Skogsbyrá A/B í Helsinki, sem útvegað hafði timbrið frá seljendum í Finnlandi, en í bréfi þessu var skrá yfir allan farminn ásamt fyrirmælum um búlkun hans í

skipinu. Um farmhluta stefnanda segir svo í bréfinu: „Only Vths allowed on deck“. Er afrit af bréfi þessu var sýnt skipstjóranum á v/s Lynæs, kannaðist hann við að hafa fengið í Kotka samskonar fyrirmæli um búlkun farmsins, sem greind eru í bréfi þessu. Lagði hann jafnframt fram í dóminum bréf frá Thomés Skogsbyrá A/B, sem hefur að geyma efnislega samhljóða fyrirmæli um búlkun farmsins og fyrrgreint bréf Páls Þorgeirssonar. Kveðst skipstjóri hafa fengið bréf þetta í hendur daginn, sem byrjað var að ferma skipið í Kotka. Segir í því á þessa leið um farmhluta stefnanda: „H. Peura O/Y tillåtes V on deck“. Er skipstjóri var inntur eftir því, hvers vegna meira af timbri stefnanda en V. flokkur hefði verið sett á þilfar, svaraði hann því til, að hann hefði ekki þekkt í sundur gæðaflokka timbursins svo og að fermt hefði verið samkvæmt farmskírteini og áætlun 1. stýrimanns um niðurröðun farms í skipið, en sú áætlun hafi verið gerð að lokinni talningu farmsins. Í farmskírteini um farmhluta stefnanda, útgefnu í Kotka af skipstjóranum, eru þessi auðkenni á timbrinu tilgreind undir yfirskriftinni MARKS:

u/s: H db P

5th: H — P

Skipstjórinn kveðst hafa tekið eftir auðkennum þessum á farmskírteininu. Á hinn bóginn hafi hann ekki veitt þeim athygli á timbrinu, enda hafi það verið í verkahring 1. stýrimanns að sjá um farminn. Þá kveðst skipstjóri einnig hafa tekið eftir auðkennum þessum á farmskrá, og hafi hann því gert ráð fyrir því, að þau væru á timbrinu. Síðar við sama sjópróf tók skipstjórinn það fram, að hann hefði ekki tekið vel eftir auðkennunum undir „MARKS“ á farmskírteininu. Athygli hans hafi aðallega beint að stykkjatölunni og að fermt væri samkvæmt farmskírteininu. Honum hafi að vísu verið ljóst, að timbur það, sem auðkennt var með V á hleðslufyrirmælunum, hafi heyrt til sérstökum gæðaflokki, en á hinn bóginn hafi hann ekki þekkt mun á hinum ýmsu gæðaflokkum.

Fyrsti stýrimaður á v/s Lynæs hefur skýrt svo frá, að hann hafi séð um fermingu skipsins í samvinnu við afgreiðslumann farmsins í landi. Sérstaklega hafi hann séð um, að allur farmurinn kæmist til skila um borð. Stýrimanni var sýnt fyrrnefnt bréf T. Skogsbyrá A/B til skipstjóra, og kvaðst hann hafa séð samskonar skjal hjá verkstjóra þeim, sem sá um útskipun timbursins. Telji hann (stýrimaður), að eftir þessum fyrirmælum hafi verið farið við hleðslu skipsins. Sem fyrr getur, hafi timbrið verið flutt að skipshlið í þrómmum, og hafi það, sem í lest átti

að fara, verið flutt fyrst og aðgreint frá því timbri, sem fara átti á þilfar og flutt hafi verið á eftir. Kveðst stýrimaður hafa fylgzt með því, að hlaðið væri í skipið eftir viðtakendum, en hann viti ekki til þess, að nokkur fyrirmæli hafi verið gefin af farmsendara um hleðslu timbursins í skipinu eftir gæðaflokkum.

Samdægurs og stefnandi veitti viðtöku timbri því, er hann átti í skipinu, útnefndi bæjarfógetinn í Hafnarfirði að beiðni hans tvo hæfa og óvilhalla menn til að meta skemmdir þær, sem á timbrinu höfðu orðið. Samkvæmt matsgjörð þeirra, dags. 28. maí 1954, taldist tjón stefnanda vegna skemmdanna nema kr. 35.465.00, og kemur sú fjárhæð heim við stefnukröfuna.

Kröfur sínar í málinu reisir stefnandi á því, að stefndi beri sem skipseigandi ábyrgð á umræddu tjóni samkvæmt 13. gr. siglingalaga nr. 56 frá 1914, þar sem tjónið sé að rekja til óhlýðilegrar framkvæmdar skipstjóra og skipverja í starfi þeirra, en leitt sé í ljós, að timbrinu hafi verið búlkað á þilfar gagnstætt fyrirmælum sendanda, er hafi verið í samræmi við fyrirskipanir umboðsmanns seljanda og kaupanda. Auk þess sé slík búlkun óvenjuleg um þá tegund timburs, sem um var að ræða.

Sýknukröfuna reisir stefndi á því, að skipstjóra hafi ekki verið kunnugt um nein skilyrði þess efnis, að farmur stefnanda ætti að vera í lest, enda hafi hann enga tilkynningu fengið í þá átt. Afgreiðslumenn farmsins í Finnlandi hafi komið með allt timbrið í sama uppskipunarbátnum að skipshlið. Timbrið hafi verið ósundurgreint, og enda þótt einhver merki kunni að hafa verið á einstökum borðum eða plönkum, þá hafi það ekki verið hlutverk starfsmanna hans (stefnda) að gæta þess, þar sem afgreiðslumenn í Finnlandi hafi verið viðstaddir og borið ábyrgð á hleðslu skipsins.

Svo sem að framan greinir, tók Páll Þorgeirsson v/s Lynæs á leigu til umræddrar ferðar. Virðist hann síðan hafa gert bakfarmsamninga við nokkra aðilja hér á landi, m. a. stefnanda, um flutning á timbri því, sem fermt var í Kotka. Að svo vöxnu máli verður eigi talið, að stefnandi geti byggt sjálfstæðan rétt gagnvart stefnda á aðalfarmsamningnum, heldur sé réttur hans gagnvart honum einskorðaður við farmskírteinið, sem skipstjóri gaf út um farmhluta hans, er hann hafði veitt honum viðtöku í Kotka, en í farmskírteininu er m. a. svofellt ákvæði: „.... all pieces on deck at Charterers' risk ....“ Að þessu athuguðu þykir verða að líta svo á, að stefnandi geti ekki sótt stefnda til greiðslu bóta þeirra, sem krafizt er í málinu, enda þótt tjón það, er varð á timbri því, sem hann átti í skipinu, sé

að rekja til þess, að ekki var farið eftir fyrirætlum frá aðalfarmsgæðingum um búlkun þess.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit málsins þau, að sýkna ber stefnda af kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þenna dóm ásamt meðdómsmönunum Jóhanni Ólafssyni forstjóra og Pétri Björnssyni skipstjóra. Dráttur á uppsögu dómsins stafar af veikindum eins dómarans.

#### Dómsorð:

Stefndi, Johan A. Hentye f. h. eigenda v/s Lynæs, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Jónasar Sveinssonar f. h. h/f Dvergs, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 8. maí 1957.

Nr. 45/1957. **Guðmundur Benediktsson**

(Gústaf A. Sveinsson hrl.).

gegn

**Oddi Helgasyni** (Enginn).

#### Dóme ndur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Theodór B. Línal.

Áfrýjun til staðfestingar.

#### Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. marz 1957. Hann krefst þess, að hinn áfrýjaði héraðsdómur og fjárnámsgærd verði staðfest og stefnda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Af hálfu stefnda hefur enginn komið fyrir dóm í máli þessu, enda þótt löglega hafi verið stefnt, og hefur málið því verið flutt skriflega samkvæmt 1. tölulið 38. gr. laga nr. 112/1935 og er dæmt eftir framlögðum skjölum.